

Stjórnarfundur SKÍ

nr. 1664 – 20. júní 2024, kl. 15:30 – 17:20 – fjarfundur

Efni fundarins:	Áttundi stjórnarfundur SKÍ 2023 – 2025.
Fundarstjóri:	Bjarni Theódór Bjarnason formaður.
Fundarritari:	Jónas Egilsson.
Pátttakendur:	Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Jón Egill Sveinsson varaformaður, Gísli Reynisson gjaldkeri, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinaneftndar, Einar Ólafsson, formaður skíðagöngunefndar, Aðalsteinn Valdimarsson, formaður snjóþrettaneftndar, Brynja Þorsteinsdóttir afreksstjóri og Jónas Egilsson framkvæmdastjóri.
Fjarverandi:	Hugrún Elvarsdóttir.

Fundur settur kl. 15.35

Fundardagskrá

- Fundargerð síðasta fundar, nr. 1663**
- Heimild til lántöku**
- Landsliðshópar og val 2024-2025**
- Samstarf vegna útgáfu bókar Allt um Vetrarleikana, 2. útg.**
- Til kynningar**
 - „Fluor Certification,“ sjá hjál. bréf FIS
 - Breytingar á úthlutun Lottótekna
 - Skíðahús í Úlfarsfelli – staðan
 - Scandinavian Cup á Íslandi 2026
 - Niðurstöður FIS vegna kærna á framkvæmd brettamóts í Hlíðarfjalli
- Fundir og erlend samskipti**
 - FIS fundur í Zürich, 23.-26. sept.
 - IBU þing í Belgrade, 27.-29. sept.
- Næstu fundir stjórnar**
 15. ágúst og 12. september?
- Þing 20. og 21. sept.**
- Önnur mál**

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar, nr. 1663.

1.1. Fundargerðin samþykkt.

2. Heimild til lántöku

Svohljóðandi bókun var samþykkt:

Stjórn SKÍ staðfestir áður veitta heimild með tölvupósti til framkvæmdastjóra til að taka lán hjá viðskiptabanka sambandsins allt að kr. 7.000.000 til þriggja ára.

Ástæður lántökkunnar eru skertar tekjur sambandsins á sl. tveimur fjárhagsárum umfram áætlanir.

3. Landsliðshópar og val 2024-2025

Afreaksstjóri fór yfir forsendur landsliðsvals á komandi skíðaári. Samþykkt

4. Samstarf vegna útgáfu bókar Allt um Vetrarleikana, 2. útg.

Stjórn SKÍ heimilar framkvæmdastjóra að ganga til samstarfs f.h. SKÍ við höfund bókarinnar, dr. Ingimar Jónsson, vegna nýrrar útgáfu bókarinnar Allt um vetrarleikana. Ritið er íslensk alfræðiorðabók um viðburði og einstaklinga innlenda sem erlenda sem keppt hafa á Vetrarólympíuleikunum. Bókin kom fyrst úr árið 2018.

Þátttaka SKÍ felur í sér ráðgjöf, lán á efni í fórum sambandsins, kynningu innan hreyfingarinnar og einhverrar vinnu við öflun gagna o.fl. Höfundi er heimilt að geta stuðnings SKÍ við útgáfu og kynningu á bókinni.

Engar fjárhagslegar skuldbindingar að hálfu SKÍ felast í þessu samstarfi.

5. Til kynningar

5.1. „Fluor Certification,“ sjá hjál. bréf FIS, lagt fram.

5.2. Breytingar á úthlutun Lottótekna, bréf frá ÍSÍ vegna leiðréttinga á Lottógreiðslum 2024 lagt fram.

5.3. Skíðahús í Úlfarsfelli. Einar Ólafsson fór yfir stöðu mála.

5.4. Scandinavian Cup á Íslandi 2026. Einar Ólafsson greindi frá því að stefnt væri að því að halda þessa keppni í Bláfjöllum vorið 2026.

5.5. Niðurstöður FIS vegna kærna á framkvæmd brettamóts í Hlíðarfjalli. Afrit af bréfi FIS vegna kærna á framkvæmd FIS Brettamóts í Hlíðarfjalli. FIS telur að SKÍ hafi gefið fullnægjandi skýringar á framkvæmd mótsins og skipan dómara og telur því ekki ástæðu til frekari aðgerða.

6. Fundir og erlend samskipti

6.1. FIS fundur í Zürich, 23.-26. sept. Formaður, framkvæmdastjóri og afreaksstjóri munu sækja fundinn að hálfu SKÍ.

6.2. IBU þing í Belgrade, 27.-29. sept. Ákveðið að formaður, formaður undirbúningsnefndar ásamt framkvæmdastjóra sækji þingið.

7. Næstu fundir stjórnar

7.1. Stefnt að næstu fundum stjórnar 15. ágúst og 5. september. nk. Ekki verður fundur í júlí nema brýna nauðsyn beri til.

8. Þing 20. og 21. sept.

Næsta Skíðaping verður haldið á Ísafirði

9. Önnur mál

Fundi slitið kl. 17.00.

Jónas Egilsson ritaði fundargerð.